



BYGGÐASTOFNUN

Starfsáætlun 2016

Samþykkt á 435. fundi stjórnar
Byggðastofnunar 14. desember 2015



Efnisyfirlit

SAMANTEKT	3
1.1 Atvinnuþróun og nýsköpun skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016	5
1.2 Rekstraráætlun 2016	6
2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU	7
2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	7
2.2 Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 106/2015	7
2.3 Inngangur	7
2.3.1 Stefnumótandi byggðaáætlun.....	8
2.3.2 Sóknaráætlanir	8
2.3.4 Sveitarfélög og samtök þeirra	9
2.4 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2016	10
2.4.1 Byggðaáætlun 2014–2017	10
2.4.2 Byggðaáætlun 2017–2023.....	11
2.4.3 Sóknaráætlanir landshluta	12
3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR	12
3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	12
3.2 Stöðugreining	13
3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2016	15
3.3.1 Bætt þjónusta og aukinn sýnileiki í landsbyggðunum	15
3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni	16
3.3.3 Árangursmat.....	16
3.3.4 Samantekt atvinnugreina	16
3.3.5 Breyting á heimasíðu stofnunarinnar	17
3.3.6 Kaup á hlutafé og styrkveitingar 2016.....	17
4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN	17
4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	17
4.2 Inngangur	18
4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar	18
4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög	19
4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar	20
4.2.4 Flutningsjöfnun.....	21
4.2.5 Flutningsjöfnun olíuvara.....	21

4.2.6 AVS	21
4.2.7 Annar stuðningur við byggðaþróun.....	21
4.3 Verkefni á sviði byggðaþróunar á árinu 2016.....	23
4.3.1 Stuðningur við atvinnuþróun	23
4.3.2 Brothættar byggðir.....	23
4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar.....	23
4.3.4 Flutningsjöfnun.....	24
4.3.5 Flutningsjöfnun olíuvara.....	24
4.3.6 AVS	24
4.3.7 Annar stuðningur við byggðaþróun.....	24
5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA	25
5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum	25
5.2 Inngangur	25
5.2.1 Úttektir, greiningar og umsagnir	26
5.2.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál.....	27
5.2.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar	27
5.2.4 Stuðningur við rannsóknir	28
5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2016.....	28
5.3.1 Úttektir, greiningar og umsagnir	28
5.3.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál.....	28
5.3.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar	28
5.3.4 Stuðningur við rannsóknir	29

SAMANTEKT

Helstu verkefni sem unnið verður að á vegum Byggðastofnunar á árinu 2016:

1. Byggðaaætlun 2014–2017 (2.4.1)

Unnið verður að framkvæmd einstakra aðgerða byggðaaætlunar 2014 -2017, bæði þeirra aðgerða sem stofnunin ber ábyrgð á sem og þeirra verkefna sem stofnunin sinnir og fjármögguð eru af byggðaaætlun, svo sem NORA, NPA og ESPON. Um er að ræða aðgerðir: 2.1, 2.3, a,b og c, 4.1, 4.2, a,b,c og d.

2. Byggðaaætlun 2017 – 2023 (2.4.2)

Ný byggðaaætlun, sem væntanlega nær til áráanna 2017 - 2023 verður unnin á árinu 2016. Nýtt vinnulag og samráðsferli við vinnslu áætlunarinnar verður mótað með hliðsjón af nýjum lögum í samstarfi við ráðuneyti og aðra haghafa.

3. Sóknaráætlanir (2.4.3)

Byggðastofnun mun vinna með stýrihópi stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, aðstoða einstök landshlutasamtök við framkvæmd sóknaráætlana, samhæfa aðkomu ólíkra stofnana ríkisvaldsins að þessari vinnu, vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta og fara yfir skilagreinar vegna framkvæmdar samninga um sóknaráætlanir og annast greiðslur á grundvelli samninga að uppfylltum skilyrðum.

4. Bætt þjónusta og aukinn sýnileiki (3.3.1)

Á árinu 2016 verður lögð áhersla á bættu þjónustu og sýnileika fyrirtækjasviðsins út um allt land. Bæði gagnvart nýjum og núverandi viðskiptavinum og við atvinnuráðgjafa og ráðgjafa í landbúnaði á svæðunum. Lánasérfræðingar stofnunarinnar og forstöðumaður fyrirtækjasviðs munu vera á ferðinni að heimsækja núverandi og nýja viðskiptavini og hafa auglýstan viðverutíma í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins.

5. Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni (3.3.2)

Áfram verður unnið marksviðst að eflingu áhættustjórnunar með því að fylgjast stöðugt með því hvort þörf sé á að bæta innri ferla og auka skilvirkni greininga og miðlunar á helstu áhættum í rekstri stofnunarinnar.

6. Árangursmat (3.3.3)

Á árinu 2016 verði unnið að því leggja mat á árangur lánastarfseminnar og finna aðferð til að hægt sé að gera slíkar mælingar á nokkurra ára fresti.

7. Samantekt atvinnugreina (3.3.4)

Unnið verði að samantekt úr því sem ritað hefur verið og spáð um framtíðarhorfur í ferðaþjónustu í tengslum við áhættustefnu stofnunarinnar.

8. Breytingar á heimasíðu Byggðastofnunar (3.3.5)

Unnið verði að uppfærslu og breytingu á heimasíðu Byggðastofnunar á árinu.

9. Stuðningur við atvinnuþróun (4.3.1)

Stuðningur við atvinnuráðgjöfina verður í samræmi við samninga og fjárveitingar á fjárlögum.

10. Brothættar byggðir (4.3.2)

Unnið verður áfram að tilraunaverkefni sem hófst á Raufarhöfn árið 2012. Verkefnið mun ná til sjö byggðarlaga á árinu 2016.

11. Aflamark Byggðastofnunar (4.3.3)

Reiknað er með að 11 staðir njóti aflamarks Byggðastofnunar í upphafi árs 2016. Sinna þarf umsýslu og eftirfylgni og fylgjast með framfylgd einstakra samninga.

12. Flutningsjöfnun (4.3.4)

Auglýst verður eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar, umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð.

13. Flutningsjöfnun olíuvara (4.3.5)

Byggðastofnun hefur umsjón með Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Markmið laga um Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara er að jafna flutningskostnað á olíuvörum milli landshluta.

14. AVS sjóður (4.3.6)

AVS sjóðurinn verður starfræktur á sama máta og áður í samræmi við það fjármagn sem sjóðnum er falið að úthluta.

15. Annar stuðningur við byggðapróun (4.3.7)

Byggðastofnun mun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Flugfélag Íslands um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar.

16. Úttektir og greiningar (5.3.1)

Stofnunin mun vinna tölfraðileg gögn um íbúapróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda og orkukostnað. Stöðuggreiningar landshluta, sem unnar eru í tengslum við sóknaráætlanir landshluta verða uppfærðar á árinu 2016. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Unnin verður skýrsla um dreifingu starfa á vegum ríkisins. Gerð verður könnun á þjónustusókn í þrem landshlutum og þjónustusóknarsvæði skilgreind. Þá mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök.

17. Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál (5.3.2)

Unnið verður mat á áhrifum þeirra nýfjárfestingarverkefna sem vísað verður til stofnunarinnar. Veittar verða umsagnir um þingmál eftir því sem tilefni gefst til.

18. Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar (5.3.3)

Haldið verður áfram að byggja upp og þróa gagnagrunn á sviði byggðamála. Unnið verður að því að færa fyrirliggjandi upplýsingar inn í grunninn. Haft verður samstarf við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Landmælingar og fleiri aðila um þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga á kortum og myndum.

19. Stuðningur við rannsóknir (5.3.4)

Haldin verður fræðileg ráðstefna um byggðamál á fyrri hluta árs 2016 þar sem þeir sem vinna að rannsóknum, stefnumótun og starfi á vettvangi leiða saman hesta sína. Veittir verða styrkir úr Byggðarannsóknarsjóði á ársfundi stofnunarinnar vorið 2016. Auglýstir verða styrkir til mastersnema vegna verkefna sem tengjast byggðamálum.

Áætlun um rekstur Byggðastofnunar 2016

Samkvæmt 11. gr. laga um Byggðastofnun nr. 106/1999 skal vera reikningslegur aðskilnaður milli lánastarfseminnar og annarrar starfsemi. Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 skal stjórn ákveða starfsáætlun, rekstraráætlun, og útlánaáætlun til eins árs í senn að fenginni tillögu forstjóra. Skal áætlunin kynnt ráðherra eigi síðar en 15. febrúar ár hvert.

Lánastarfseminni er ætlað að bera allan kostnað vegna fyrirtækjaviðs og lögfræðisviðs og helming kostnaðar vegna rekstrarsviðs og yfirstjórnar, á móti þróunarsviði. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 verða framlög til reksturs Byggðastofnunar 340,7 mkr. sem er 5,2% hækkun frá Fjárlögum 2015. Til málefnaflöksins Atvinnuþróun og nýsköpun teljast þeir liðir sem tilgreindir eru í neðangreindri töflu sem fengin er úr frumvarpinu:

1.1 Atvinnuþróun og nýsköpun skv. frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016

Rekstrargrunnur	Reikningur 2014	Fjárlög 2015	Frumvarp 2016	Breyting frá fjárl. %	Breyting frá reikn. %
<i>Byggðastofnun</i>	371,1	324,0	340,7	5,2	-8,2
Byggðaaætlun	210,6	-	-	-	-
Byggðaaætlun og sóknaráætlanir landshluta	-	422,6	485,6	14,9	-
Endurgreiðslur v. kvikmyndagerðar á Íslandi	1.604,2	1.137,2	1.137,2	0,0	-29,1
Ferðamálastofa	466,3	340,2	345,6	1,6	-25,9
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	723,5	145,8	149,0	2,2	-79,4
Iðja og iðnaður, framlög	305,0	-	-	-	-
Nýsköpun og atvinnuþróun	0,0	492,8	496,7	0,8	-
Nýsköpunarmiðstöð Íslands	538,3	536,8	568,7	5,9	5,6
Styrkir til nýsköpunarfyrirtækja	1.179,2	1.280,0	1.360,0	6,3	15,3
Tækniþróunarsjóður	630,7	1.372,5	2.347,5	71,0	272,2
Ýmis ferðamál	281,0	548,8	286,4	-47,8	1,9
Samtals	6.309,9	6.600,7	7.517,4	13,9	19,1

Tafla 1 Skv. frumvarpi til fjárlaga 2015. Allar fjárhæðir í m.kr.)

Fjárveiting til Byggðastofnunar skiptist þannig að til almenns rekstrar Byggðastofnunar renna alls 155,2 mkr. og til atvinnuráðgjafar á starfssvæði stofnunarinnar renna 185,85 mkr.

Gert er ráð fyrir 3 milljarða lántökuheimild Byggðastofnunar í fjárlagafrumvarpinu og 2 milljörðum í nýjar lánveitingar. Nýjar lánveitingar um miðjan september 2015 voru orðnar 1,05 milljarðar og samþykkt ógreidd lánsloforð námu á sama tíma 1,8 milljörðum.

Í lok júní 2015 var eiginfjárhlutfall Byggðastofnunar 21,38%, og því uppfyllir stofnunin skilyrði 84. gr. laga nr. 161/2002 um lágmarks eigið fé fjármálafyrirtækja sem í dag er 8%.

Starfsmenn stofnunarinnar í september 2015 voru 24. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði nýr sérfræðingur á þróunarsvið sökum aukinna verkefna á sviðinu.

1.2 Rekstraráætlun 2016

Rekstrarreikningur þ.kr.	Áætlun 2016	Horfur 2015	Áætlun 2015	Árið 2014
Tekjur				
Hreinar vaxtatekjur.....	650.000	480.000	500.000	399.422
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði.....	340.700	324.000	324.000	372.900
Gengismunur.....	0	-9.500	0	25.316
Aðrar rekstrartekjur.....	55.000	65.000	50.000	50.724
Tekjur samtals.....	1.045.700	859.500	874.000	848.362
Gjöld				
Framlög til atvinnuþróunarfélaga.....	185.500	176.900	176.900	172.400
Veittir aðrir styrkir.....	10.000	30.000	10.000	6.950
Laun og launatengd gjöld.....	289.000	260.000	266.000	240.946
Annar rekstrarkostnaður.....	135.000	129.000	128.500	146.156
Rekstur fullnustueigna.....	42.300	70.000	25.000	42.754
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna.....	7.000	7.000	7.000	7.183
Framlag í afskriftarreikning útlána og endurmat hlutafjár.....	375.000	150.000	250.000	-117.243
Gjöld samtals.....	1.043.800	822.900	863.400	499.145
Hagnaður ársins.....	1.900	36.600	10.600	349.217

Sjóðstreymisáætlun þ.kr.	Áætlun 2016	Horfur 2015	Áætlun 2015	Árið 2014
Hagnaður (-tap).....	1.900	36.600	10.600	249.217
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi.....	375.000	150.000	250.000	200.313
Breytingar á rekstrartengdum eignum.....	7.000	7.000	7.000	7.183
Handbært fé frá rekstri.....	383.900	193.600	267.600	556.712
Fjárfestingarhreyfingar				
Afborganir útlána.....	900.000	1.000.000	705.000	1.393.050
Veitt ný lán.....	-2.000.000	-2.500.000	-1.500.000	-959.000
Innleystar eignir.....	0	124.000	0	243.352
Hlutabréf.....	0	9.726	0	-41.824
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	-10.000	-4.000	-20.000	-11.191
Skuldunautar.....	-50.000	50.000	0	-54.779
Fjárfestingarhreyfingar samtals.....	-1.160.000	-1.320.274	-815.000	569.609
Fjármögnunarhreyfingar				
Greiðslur af lántökum.....	-1.333.000	-5.700.000	-4.000.000	-1.477.090
Nýjar lántökur.....	2.500.000	5.800.000	6.500.000	0
Skuldheimtumenn og óráðstöfuð framlög.....	0	0	0	-7.751
Fjármögnunarhreyfingar samtals.....	1.167.000	100.000	2.500.000	-1.484.841
Breytinga á handbæru fé				
Handbært fé í ársbyrjun.....	390.900	-1.026.674	1.952.600	-358.520
Handbært fé í árslok.....	1.036.014	2.062.688	2.062.688	2.421.208
Handbært fé í árslok.....	1.426.914	1.036.014	4.015.288	2.062.688

2. MÓTUN BYGGÐASTEFNU

2.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningsvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

2.2 Lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir nr. 106/2015

3. gr. Byggðaáætlun

Ráðherra leggur fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til sjö ára í senn.

Áætlunin skal lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Byggðaáætlun skal hafa að meginmarkmiði að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólkfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Einnig skal gerð grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningsvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir.

Byggðaáætlun skal unnin í umboði ráðherra af Byggðastofnun í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Við gerð byggðaáætlunar skal haft samráð við ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa eftir þörfum.

Byggðaáætlun skal endur skoða á sjö ára fresti eða oftár ef þörf þykir.

2.3 Inngangur

Markviss og árangursrík byggðastefna verður að taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga, margbreytileika byggðarlaga og ólíkum aðstæðum einstakra landssvæða. Í því sambandi er mikilvægt að efla frumkvæði heimamanna og ábyrgð þeirra á eigin samfélagi. Þannig getur markviss flutningur verkefna til sveitarfélaga frá ríki unnið gegn tilhneigingu þess til að þjappa opinberri þjónustu saman í Reykjavík, stuðlað að því að opinbert fé sé nýtt sem best í samræmi við aðstæður á hverjum stað og að

valddreifingu. Slík valddreifing kallar óhjákvæmilega á sterka svæðisbundna samstöðu og samstillt átak gegn hrepparíg og þröngri hagsmunagæslu einstakra byggðarlaga.

Með lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er lagt upp með það markmið að efla byggðaþróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga, en jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða- og samfélagsþróunar. Settur er á laggirnar stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál sem skipaður er fulltrúum allra ráðuneyta og fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Hlutverk stýrihópsins er að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í málaflokknum.

2.3.1 Stefnumótandi byggðaáætlun

Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2014–2017 var samþykkt samhljóða á Alþingi þann 12. maí 2014. Stjórn Byggðastofnunar, þó einkum formaður hennar, ásamt starfsmönnum stofnunarinnar unnu að samningu áætlunarinnar ásamt starfsmönnum Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Meginmarkmiðáætlunarinnar er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um allt land. Sérstök áhersla er lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þá er lögð áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna. Þær aðgerðir sem sem grípa á til falla undir fjögur lykilsvið: *Innviðir* (3 aðgerðir), *Sértækar aðgerðir á varnarsvæðum* (3 aðgerðir), *Atvinnumál* (6 aðgerðir) og *Opinber þjónusta* (2 aðgerðir).

Byggðastofnun ber ábyrgð á fjórum aðgerðum byggðaáætlunar 2014 – 2017, ein eða í samstarfi við aðra: *Brothætt byggðarlög*, *Stuðningur við fyrirtæki*, *Stefnumótun um opinbera þjónustu og Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála*. Byggðastofnun hefur einnig komið með afgerandi hætti að framkvæmd annarra aðgerða þó svo stofnunin beri ekki ábyrgð á aðgerðunum. Má nefna aðgerðina „Nýsköpun og vaxtargreinar“ en undir þá aðgerð falla NORA, NPA og ESPON. Einnig AVS sjóðurinn sem fluttist til Byggðastofnunar í upphafi árs 2014.

Fjárveitingar til byggðaáætlunar eru ákvarðaðar með fjárlögum hvers árs en því fé er ekki skipt á aðgerðir byggðaáætlunar. Samkvæmt fjárlögum ársins 2016 eru 340,6 milljónir ætlaðar til framkvæmdar byggðaáætlunar samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Til samanburðar eru 155,2 milljónir ætlaðar til reksturs Byggðastofnunar og 185,5 milljón til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Í áætluninni er fjallað um uppbyggingu á sviði gagnaflutninga, orkumála og samgangna og er því með þessari byggðaáætlun stigið skref í þá átt að samþætta áætlanir ríkisins. Þá kemur fram að markmið um viðhald búsetu og atvinnu í sveitum verði skýrð við endurskoðun stuðningskerfis landbúnaðarins.

Ný stefnumótandi byggðaáætlun mun væntanlega ná til áranna 2017 – 2023. Vinna við þá áætlun mun standa yfir lungann úr árinu 2016. Í samræmi við hin nýju lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir mun vinnulag við gerð áætlunarinnar verða mótað. Það samráðsferli sem lagt er upp með í lögum kallar óhjákvæmilega á langt og tímafrekt vinnuferli.

2.3.2 Sóknaráætlanir

Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar skal unnið að samþættingu opinberra áætlana og gerð sérstakra landshlutaáætlana. Þannig verður hlutverk sveitarstjórna og heimamanna á hverjum stað aukið við forgangsroðun verkefna í héraði. Unnið hefur verið að sóknaráætlunum landshluta frá árinu 2012 með virkri þátttöku Byggðastofnunar. Í febrúar 2015 voru undirritaðir fimm ára samningar um

sóknaráætlanir og var verkefnið fest í lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, sem Alþingi samþykkti sumarið 2015.

Sóknaráætlanir landshluta eru stefnumótandi áætlanir sem taka til allra átta starfssvæða landshlutasamtaka sveitarfélaga. Í þeim koma fram stöðumat viðkomandi landshluta, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Jafnframt skal þar mælt fyrir um svæðisbundnar áherslur sem taka mið af meginmarkmiðum byggðaaætlunar, landsskipulagsstefnu, skipulagsáætlunum, menningarstefnu og, eftir atvikum, annarri opinberri stefnumótun.

Byggðastofnun gegnir margþættu hlutverki sem varða sóknaráætlanir. Stofnunin vinnur með stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál, sem hefur það hlutverk að efla samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið. Verkefnisstjóri stýrihópsins er starfsmaður Byggðastofnunar. Stofnunin annast afgreiðslu framlaga frá ráðuneytum til landshlutasamtaka sveitarfélaga, metur framvindu sóknaráætlana, leiðir samvinnu við stýrihópinn við gerð byggðaaætlunar og samhæfingu hennar við sóknaráætlanir og vinnur með stýrihópnum að því að samhæfa aðkomu ólíkra ríkisstofnana að vinnu við sóknaráætlanir landshluta. Að auki vinnur Byggðastofnun stöðugreiningar og þróar mælikvarða á árangur sóknaráætlana einstakra landshluta.

Einn helsti árangur sóknaráætlana landshluta er aukið samstarf um byggðamál og að ábyrgð og forgangsröðun svæðisbundinna byggðapróunarverkefna hefur verið færð til landshlutanna og grenndarstjórnsýsla eflid. Sóknaráætlanir landshluta koma ekki í staðinn fyrir opinbera stefnu ríkisins í byggðamálum, heldur kalla á skýra stefnu á landsvísu sem fléttast inn í starfsemi allra ráðuneyta og krefst aukins samstarf ríkis og sveitarfélaga. Sóknaráætlanir fela í sér aukna þörf á samhæfingu byggðamála, eflingu sérfræðipekkingar og skýrari stefnumótandi byggðaaætlun. Byggðastofnun gegnir mikilvægu hlutverki á þessum þremur sviðum á komandi árum.

2.3.4 Sveitarfélög og samtök þeirra

Efling sveitarfélaga og landshlutasamtaka þeirra er mikilvægur þáttur í því að styrkja byggð og stuðla að jákvæðri byggðapróun um allt land. Aðstæður eru afar ólíkar í mismunandi sveitarfélögum og byggðarlögum innan þeirra og mikilvægt að opinbert fé sé nýtt í samræmi við aðstæður á hverjum stað. Þetta á sérstaklega við um nærþjónustu á borð við málefni fatlaðra, þjónustu við aldraða, heilsugæslu og forvarnir, grunnnám, endurmenntun og menningarstarf af ýmsu tagi. Jafnframt er mikilvægt að forgangsröðun ríkisins taki mið af forgangsröðun heimafólks innan einstakra landshluta. Þannig gæti t.d. uppbygging sjúkrahúss eða háskólastofnunar skipt mestu máli á einu svæði en tiltekna samgöngubætur gætu talist til mikilvægustu framfaramála í heilbrigðis- eða menntamálum á öðru svæði.

Mun stærri hluti opinberra tekna og útgjalda eru í höndum ríkisins á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Íslensk sveitarfélög eru hins vegar misvel í stakk búin til að sinna þeim verkefnum sem þeim er nú þegar ætlað samkvæmt lögum og sum þeirra ættu erfitt með að taka við nýjum verkefnum. Jafnframt er mörg atvinnu- og þjónustusvæði að finna innan sumra sveitarfélaga og getur það skapað ýmis vandamál við skipulag opinberrar þjónustu. Sóknaráætlanir landshlutanna geta gegnt lykilhlutverki í eflingu sveitarstjórnarstigsins og flutningi verkefna frá ríki til byggðarlaga vítt og breitt um landið. Landshlutasamtökin gegna lykilhlutverki í því að samræma starfsemi innan einstakra landshluta gagnvart ríkisvaldinu en jafnframt er mikilvægt að samræma aðkomu ríkisins að verkefnum sem snerta málaflokka margra ráðuneyta og stofnana ríkisins. Ýmis verkefni ganga jafnframt þvert á

landshluta og má þar til dæmis nefna málefni byggðarlaga sem búa við viðvarandi fólksfækkun og mat á samfélagslegum áhrifum framkvæmda sem snerta fleiri en einn landshluta.

Samstarf Byggðastofnunar við sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra um stefnumótun er margþætt. Svo sem fjallað er um í kafla 2.3.2 vinnur Byggðastofnun stöðugreiningar fyrir einstaka landshluta og vinnur að þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana landshlutanna. Þá hefur Byggðastofnun unnið byggðaaætlanir í samstarfi við atvinnuþróunarfélögin og landshlutasamtökin og fundað með Sambandi íslenskra sveitarfélaga um þau mál. Byggðastofnun mun leggja áherslu á samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga varðandi stefnumótun og áætlanagerð. Stofnunin hefur ennfremur samstarf við sveitarfélögin og landshlutasamtök þeirra um fyrirkomulag atvinnuráðgjafar eins og nánar er fjallað um í 4. kafla. Loks safnar stofnunin og miðlar ýmsum upplýsingum sem snerta sveitarfélögin með beinum eða óbeinum hætti, svo sem nánar er fjallað um í fimmta kafla.

2.4 Verkefni á sviði byggðastefnu á árinu 2016

Á árinu 2015 voru samþykkt lög um byggðaaætlun og sóknaráætlanir. Lög fela í sér að nú er kominn lagarammi um sóknaráætlanir og vinnuferli byggðaaætlunar og gildistíma er breytt. Hvorutveggja mun hafa áhrif á vinnu Byggðastofnunar á sviði stefnumótunar og framfylgdar verkefna.

2.4.1 Byggðaaætlun 2014–2017

Unnið verður að framkvæmd einstakra aðgerða byggðaaætlunar sem stofnunin ber ábyrgð á og eru fjármögnuð af föstum fjárlögum hennar eða af byggðaaætlun samkvæmt samningum við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

1.3 Bættar samgöngur.

- Á árinu 2016 verður haldið áfram gerð þjónustukannana svo að hægt sé að skilgreina þjónustusóknarsvæði með það í huga að flokkar svæða geti orðið grundvöllur aðgerða í byggðamálum. Stefnt er að því að gerðar verði þjónustukannanir á þrem svæðum. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 5.2.1 um úttektir og greiningar.)

2.1 Brothætt byggðarlög.

- Verkefninu verður haldið áfram og unnið verður með þeim 7 byggðarlögum sem valin hafa verið til þátttöku. Við framhald vinnunnar er tekið tillit til stöðumats sem unnið hefur verið. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 4.2.2 um brothætt byggðarlög.)

2.3 Stuðningur við fyrirtæki.

- Áfram verður haldið með úthlutun aflamarks Byggðastofnunar og eftirfylgni með þeim samningum sem þegar hafa verið gerðir. Lagt mat á hvort markmið og árangur samkvæmt einstökum samningum hafi náðst og að samningsaðilar uppfylli skilyrði. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 4.2.3 um Aflamark Byggðastofnunar.)
- Umsjón með jöfnun flutningskostnaðar verður með óbreyttu sniði. Ekki er gert ráð fyrir að vinna við tillögugerð um samræmingu stuðnings sem felst í jöfnun flutnings-, orku- og fjármagnskostnaðar og vinna á samkvæmt byggðaaætlun, hefjist fyrir en tillögur um mat á efnahagslegum styrk svæða hafa verið mótaðar og svæðin metin.
- Byggðastofnun mun skoða byggðaaðgerðir í nágrannalöndum með það í huga að leggja mat á hvort slíkar aðgerðir, svo sem lækkun tryggingargjalds, séu líklegar til að styrkja

atvinnulíf á efnahagslega veikum svæðum. Stofnunin mun leita samstarfs við utanaðkomandi aðila um þróun aðferðafræði til að meta efnahagslegan styrk svæða.

4.1 Stefnumótun um opinbera þjónustu.

Árið 2015 var í samstarfi við Nordregio unnin greinargerð um aðgengi landsmanna að heilbrigðisþjónustu. Á grundvelli þeirrar vinnu er lagt til að kortlagt verði aðgengi landsmanna að annarri grunnþjónustu með sama hætti. Í framhaldinu verði svo réttur til grunnþjónustunnar skilgreindur.

4.2 Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.

- Vinnu við uppbyggingu gagnagrunns verður haldið áfram. Haldið verður áfram samstarfi við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun og Landmælingar um uppbyggingu gagnagrunna og leitað verður eftir samstarfi við ráðuneyti og Hagstofu um framtíðarskipan söfnunar og birtingar tölfraeðiupplýsinga sem skipta máli varðandi mótun byggðastefnu og vöktun. (Sjá frekari umfjöllun í kafla 5)
- Hafinn verður undirbúningur að og auglýst eftir aðilum til að vinna rannsókn á orsökum búferlaflutninga og hvaða áhrifaþættir ráða búsetuvali kynjanna.
- Á árinu 2015 var gerð könnun á því hvert íbúar á Norðurlandi vestra sækja hina ýmsu þjónustu. Þannig er hægt að átta sig á því vægi einstakra þjónustumiðstöðva. Á árinu 2016 verður samsvarandi könnun gerð í þrem landshlutum.
- Auglýstir verða styrkir til rannsókna á sviði byggðamála úr Byggðarannsóknasjóði.
- Boðnir verða styrkir til meistaranema vegna verkefna tengdum framkvæmd byggðaáætlunar.
- Haldin verður fræðileg ráðstefna um byggðamál vorið 2016.

Áætlað umfang 2016:

NPA umsjón	5 mannmánuðir
NORA umsjón	4 mannmánuðir
ESPOUN umsjón.....	3 mannmánuðir
Byggðaaðgerðir í nágrannalöndum	2 mannmánuðir
Stefnumótun um opinbera þjónustu.....	3 mannmánuðir
Rannsókn á orsökum búferlaflutninga og búsetuvali kynjanna ...	2 mannmánuðir

2.4.2 Byggðaáætlun 2017–2023

Vinna við stefnumótandi byggðaáætlun sem reiknað er með að nái til áranna 2017 – 2023 mun hefjast í upphafi árs. Ferli við vinnslu verður mótað með hliðsjón af nýjum lögum í samstarfi við ráðuneyti og aðra helstu haghafa. Að því loknu mun vinnan við áætlunina sjálfa hefjast. Ljóst er að viðamikil samráð þarf að eiga sér stað í vinnuferlinu. Það er tímafrekt en nauðsynlegt. Reiknað er með að vinna standi yfir frá upphafi árs og fram til septemberloka.

Áætlað umfang 2016:

Endurskoðun byggðaáætlunar	10 mannmánuðir
----------------------------------	----------------

2.4.3 Sóknaráætlanir landshluta

Á árinu 2016 mun Byggðastofnun áfram (1) vinna með stýrihópi stjórnarráðsins að útfærslu og framkvæmd verkefnisins, (2) aðstoða einstök landshlutasamtök við framkvæmd sóknaráætlana, (3) samhæfa aðkomu ólíkra stofna ríkisvaldsins að þessari vinnu, (4) vinna að stöðugreiningum og þróun mælikvarða á árangri sóknaráætlana einstakra landshluta og (5) fara yfir skilagreinar frá landshlutasamtökunum vegna framkvæmdar samninga um sóknaráætlanir einstakra landshluta og gefa umsögn um hvort skilyrði einstakra samninga séu uppfyllt og annast greiðslur til landshlutasamtaka á grundvelli samninga um sóknaráætlanir.

Áætlað umfang 2016:

Starfsmaður sóknaráætlana: 6 mannmánuðir

Vinna með stýrihópi og við sóknaráætlanir 3 mannmánuðir

3. LÁNASTARFSEMI BYGGÐASTOFNUNAR

3.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

11. gr. Veiting lána og ábyrgða

Byggðastofnun veitir lán eða ábyrgðir í samræmi við hlutverk sitt, sbr. 2. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur falið forstjóra að ákveða einstakar lánveitingar samkvæmt reglum sem stjórn setur, sbr. 10. tölul. 4. gr.

Reikningslegur aðskilnaður skal vera á milli lánastarfsemi stofnunarinnar og annarrar starfsemi. Fjárhagslegt markmið lánastarfsemi stofnunarinnar samkvæmt þessari grein skal vera að varðveita eigið fé hennar að raungildi.

Ákvarðanir Byggðastofnunar sem lúta að veitingu lána eða ábyrgða og umsýslu tengdri þeim, sbr. 1. mgr., eru endanlegar á stjórnarsýslustigi.

3.2 Stöðugreining

Einn meginþátturinn í starfi Byggðastofnunar er að leitast við að tryggja litlum og meðalstórum fyrirtækjum utan höfuðborgarsvæðisins aðgang að lánsfé. Færa má fyrir því sterk rök að lán á hagstæðum kjörum gegn veðum í fasteignum og atvinnutækjum sé skynsamlegri, sanngjarnari og ódýrari leið en beinir styrkir til eflingar atvinnulífs. Lánastarfsemi er í eðli sínu áhættusöm á svæðum sem búa við neikvæðan hagvöxt en stuðningur ríkisins við slíka lánastarfsemi skilar sér til baka í öflugra atvinnulífi og skattgreiðslum fyrirtækja sem njóta lánaþingreiðslu stofnunarinnar, starfsmanna þeirra og afleiddrar starfsemi um land allt.

Í heild var árið 2015 mun betra en árið 2014 hvað varðar ný útlán hjá Byggðastofnun. Samþykkt ný lán (til október 2015) eru 3.042 mkr samanborið við 1.738 á sama tíma fyrir ári síðan. Útlán stofnunarinnar til um 350 aðila námu í lok október 2015 11 milljörðum króna fyrir framlag í afskriftarreikning. Stærsta einstaka atvinnugreinin í útlánasafni stofnunarinnar er ferðaþjónusta en í heild eru útlán til þeirrar atvinnugreinar um 3,5 milljarðar króna, eða 32% af útlánum og langmest til uppbyggingar á hótélum og gististöðum. Næst stærsta atvinnugreinin er sjávarútvegur með um 2,3 milljarða króna, eða 20% af útlánum.

Á næsta ári er áætlað að ný útlán verði um 2 milljarðar króna og byggir sú áætlun á því að enn verði töluverð eftirspurn eftir lánum stofnunarinnar þó hún verði eitthvað minni en á árinu 2015.

Mikill uppgangur er enn í ferðaþjónustu, um 20% fjölgun ferðamanna á milli árunna 2014 og 2015 og allar spár benda til að vöxtur verði áfram þó það dragi eitthvað úr þeim mikla vexti sem hefur verið undanfarin ár. Gert er ráð fyrir því að vöxtur útflutnings verði eins og undanfarin ár borinn uppi af auknum umsvifum í ferðaþjónustu. Helsta óvissa hvað varðar ferðaþjónustu á landinu er þróun gengis íslensku krónunnar.

Fiskeldi sem var mikið í umræðunni á síðasta ári hefur ekki verið eins áberandi í umræðunni í ár. Greinin hefur verið að vaxa en umræða þessa árs einkennst af sameiningaráformum þeirra fyrirtækja sem eru komin hvað lengst í uppbyggingu og innkomu fjármagns erlendis frá í greinina. Miklar vonir eru bundnar við fiskeldi á suðurfjörðum Vestfjarða og hefur greinin þegar sett sitt mark á staði þar m.t.t. atvinnuuppbyggingar og fjölgun íbúa. Vonir eru bundnar við að svipuð þróun verði á sunnanverðum Austfjörðum á næstu árum. Á árinu 2014 var töluvert leitað til Byggðastofnunar vegna lána í fiskeldi og viðbúið að svo verði eitthvað áfram á meðan greinin er að vaxa þó lítið hafi verið lánað í fiskeldi á árinu 2015.

Miklar breytingar eru framundan í landbúnaði. Búvörusamningar eru að renna út og þegar hafin vinna við að gera nýja samninga. Í lok árs 2014 voru samþykktar breytingar á reglugerð um aðbúnað dýra í mjólkur- og sauðfjárrækt. Þessar breytingar gera það að verkum að mjólkurframleiðendur sem eru með básafjós þurfa að fara að huga að því hvort þeir muni halda áfram búskap og fara í kostnaðarsamar framkvæmdir eða hætta. Viðbúið er að búum komi til með að fækka og þau sem eftir verða stækki og auki framleiðslu. Lán vegna nýliðunar og kynslóðaskipta í landbúnaði sem stofnunin fór af stað með í byrjun árs 2014 hafa vakið sterk viðbrögð og viðbúið er að sú mikla eftirspurn haldi áfram jafnt og þétt á næsta ári. Nokkur óvissa er þó tengd gerð nýrra búvörusamninga og áhrifa þeirra á afkomu bænda. Á vormánuðum 2015 samþykkti stjórn Byggðastofnunar að útvíkka lánaflokk sem áður var eingöngu ætlaður til kaupa á jörð til að auðvelda kynslóðaskipti í að sömu kjör gilda fyrir framkvæmdir á búum sem eru í mjólkurframleiðslu og sauðfjárbúskap. Búið er að lána til landbúnaðar um 1,5 milljarða á þessum kjörum.

Útlán til sjávarútvegs hafa farið minnkandi undanfarin ár hjá stofnuninni. Ástæða þess er ekki síst vegna lítillar fjárfestingar í greininni undanfarin ár vegna óvissu með fiskveiðistjórnunarkerfi og veiðigjöld. Viðbúið er að greinin taki við sér hvað varðar fjárfestingar þegar búið er að samþykkja nýtt fiskveiðistjórnunarfrumvarp og jafnframt er líklegt að veiting erlendra lána aftur eftir nokkuð hlé höfði sérstaklega til sjávarútvegsins þar sem greinin er með mikið af tekjum sínum í erlendum gjaldmiðlum.

Árið 2013 voru vextir á verðtryggðum lánum Byggðastofnunar lækkaðir tvisvar. Fyrst í apríl um 0,5%, úr 6,9% í 6,4% og niður í 5,9% í nóvember. Á árinu 2013 fór Byggðastofnun í fyrsta sinn að veita óverðtryggð lán en vaxtakjör á þeim lánum eru 3,5% álag á REIBOR vexti. Vextir héldust óbreyttir á árinu 2014 og 2015 fyrir utan nýja tegund lána til landbúnaðar til að auðvelda kynslóðaskipti í greininni en þau lán eru með 5% verðtryggðum vöxtum, geta verið jafngreiðslulán eða með jöfnum afborgunum til 25 ára og möguleiki er á að greiða einungis vexti fyrstu 3 árin. Í lok árs 2014 samþykkti stjórn Byggðastofnunar sérstakan lánaflökk til stuðnings atvinnureksturs kvenna og eru ætlaðar 200 mkr í þann lánaflökk. Lánin geta verið til allt að 10 ára og allt að 10 mkr og vaxtakjör eru 5% verðtryggðir vextir eða 2,5% álag á REIBOR í óverðtryggðu. Þegar er búið að samþykkja um 80 mkr afslíkkum lánum. Allar spár benda til þess að Seðlabankinn muni hækka stýrivexti enn meira á næsta ári til að reyna að hemja verðbólgu en stýrivextir hafa hækkað um 1,25 prósentustig frá því í júní á þessu ári. Á fréttamannafundi Seðlabankans við síðustu vaxtahækkun kom fram að verið sé að hækka vexti til að minnka ráðstöfunartekjur heimila og getu fyrirtækja til að fara í framkvæmdir og fjárfestingar til að halda þenslu í skefjum. Vextir Byggðastofnunar virðast í dag örlítið hærri en það sem gengur og gerist í stóru viðskiptabönkunum hvað varðar almenn lán en svipaðir og bjóðast í landbúnaði. Ekki er búið við vaxtabreytingum á næsta ári hjá stofnuninni en samkvæmt áhættustefnu er stefnt að því að vegið meðaltal vaxtamunar á útlánum og lántökum stofnunarinnar séu ekki undir 2% og er því markmiði náð eins og vextir eru núna.

Mikill hagvöxtur í ár endurspeglar að nokkru leyti óvenju mikinn vöxt í ferðaþjónustu en ekki síður tímabundin áhrif mikilla launahækkana og eftirspurnahvetjandi aðgerða stjórnvalda. Greiningadeildir stóru bankanna og Seðlabankans gera ráð fyrir að hagvöxtur í ár verði um 4,5%, í kringum 4% á næsta ári en fari svo minnkandi árið 2017. Skuldir íslenskra fyrirtækja sem hlutfall af VLF hafa lækkað undanfarin ár samkvæmt tölum frá Seðlabanka Íslands. Skuldir fyrirtækja voru um 99% af landsframleiðslu í júní sl. en lækkunin stafar að hluta til af aukinni landsframleiðslu sem hefur verið drifin áfram að einkaneyslu, þjónustuútlutningi og atvinnuvegafjárfestingu. Mikil aukning hefur verið í atvinnuvegafjárfestingu á þessu ári sem má að hluta til rekja til þess að mjög lítið var fjárfest í kjölfar bankahrunsins. Þá safnaðist upp fjárfestingaþörf sem nú virðist vera að leysast úr læðingi. Gert er ráð fyrir að heildarfjárfesting aukist um tæp 21% í ár og um 11,5% á næsta ári og að hlutfall fjárfestingar af landsframleiðslu fari úr 16,7% í fyrra í næstum 20% árið 2018. Þar sem fjárfesting í atvinnulífinu er að hluta fjármögnuð með lánsfé fylgist aukin atvinnuvegafjárfesting að við vöxt útlána en hrein ný útlán innlánsstofnana til atvinnufyrirtækja námu rúmlega 126 ma.kr á fyrstu níu mánuðum ársins sem er umtalsvert meira en á sama tíma í fyrra. Aukningin skýrist af auknum útlánum til ýmissa geira en mest áberandi er aukningin í þjónustugeiranum. Líklegt er að töluverður hluti þessara lána sé til ferðaþjónustu sem hefur vaxið mjög hratt síðustu ár. Greiningardeildir bankanna eru sammála um að atvinnuvegafjárfesting verði töluverð á næsta ári þó aukningin verði ekki eins mikil og á milli áruna 2014 – 2015 og aukningin minnki svo töluvert 2017. Mikil óvissa er um þróun verðbólgu en almennt virðast greiningadeildir sammála um að verðbólga komi til með að aukast þegar líður á næsta ár en fari svo lækkandi árið 2018. Meðalverðbólga til ársins 2018 verði um 3,3%.

3.3 Útlánaáætlun og verkefni á sviði lánamála á árinu 2016

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir að lánveitingar Byggðastofnunar á árinu 2016 verði alls 2.000 mkr. Eins og alltaf er töluverð óvissa um útlánaþörf ársins 2016 en miðað við hvernig mál hafa þróast á þessu ári er ekki ástæða til að áætla annað en að töluverð eftirspurn verði eftir lánnum á næsta ári.

Á árinu 2016 er gert ráð fyrir að framlag í afskriftarreikning útlána verði að hámarki 340 mkr.

Áhætta vegna nýrra útlána mun takmarkast af því, en framlög í afskriftarreikning eru ákveðin af lánanefnd við ákvörðun um lánveitingu, og færð til gjalda við útborgun lánsins. Nauðsynlegt getur reynst að taka útlánaáætlun til endurskoðunar ef aðstæður breytast. Megin markmiðin eru að útlánageta stofnunarinnar nýtist sem allra best, og að uppfylla skilyrði laga um fjármálafyrirtæki um lágmarks eiginfjárlutfall stofnunarinnar.

Eins og að framan segir er alltaf óvissa um eftirspurn eftir útlánnum en allar spár benda til að eftirspurn aukist eitthvað á næsta ári og skiptir þá máli að Byggðastofnun geti veitt viðskiptavinum sínum sanngjörn kjör á sínu starfssvæði sem eru sambærileg við þau kjör sem fyrirtæki sem eru staðsett á svæðum sem búa ekki við markaðsbrest fá hjá viðskiptabönkunum. Í samræmi við þetta skal á árinu 2016 leggja áherslu á eftirfarandi viðmið:

1. Vegin meðaláhætta allra útlána ársins 2016 verði ekki hærrí en 10%.
2. Miðað skal við að áhætta vegna eins eða fleiri tengdra aðila fari ekki yfir 250 mkr.
3. Sérstök áhersla verði lögð á gjaldeyrisskapandi eða gjaldeyrissparandi verkefni.
4. Sköpun eða varðveislu varanlegra starfa.
5. Áfram verður lögð áhersla á að nægjanlegt eiginfjárframlag sé til nýrra verkefna til að auka möguleika á að verkefnið takist.

Reglubundinni lánastarfsemi Byggðastofnunar verður haldið áfram með óbreyttu sniði. Auk þess verður sérstök áhersla lögð á eftirfarandi verkefni:

3.3.1 Bætt þjónusta og aukinn sýnileiki í landsbyggðunum

Töluverð aukning hefur verið í greiningu lánsbeiðna frá árinu 2014 og það ásamt undirmönnun á fyrirtækjasviði um tíma hefur minni tími gefist til að viðhalda því góða sambandi sem Byggðastofnun hefur haft í gegnum tíðina við sína viðskiptamenn og atvinnuráðgjafa í landshlutunum. Með tilkomu nýrra úrræða s.s. stuðnings við atvinnureksturs kvenna og lána til landbúnaðar hefur þjónustuframboð stofnunarinnar aukist. Atvinnuráðgjafar hafa því kallað eftir meiri samstarfi við fyrirtækjasvið stofnunarinnar um leiðir sem fyrirtækjum og einstaklingum standi til boða hjá stofnuninni til fjármögnunar á verkefnum. Að auki hafa bæst við samstarfsaðilar hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins sem lánasérfræðingar stofnunarinnar eru í miklum samskiptum við vegna áætlana í landbúnaði.

Á árinu 2016 verður lögð áhersla á bættu þjónustu og sýnileika fyrirtækjasviðsins út um allt land. Bæði gagnvart nýjum og núverandi viðskiptavinum og við atvinnuráðgjafa og ráðgjafa í landbúnaði á svæðunum. Lánasérfræðingar stofnunarinnar og forstöðumaður fyrirtækjasviðs munu vera á ferðinni að heimsækja núverandi og nýja viðskiptavini og hafa auglýstan viðverutíma í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Auglýst verður tímanlega í svæðismiðlum um stað og stund viðveru.

Áætlað umfang 2016: 3 mannmánuðir

3.3.2 Áhættustefnur og áhættureglur – mælingar og eftirfylgni

Á árinu 2014 var unnið að því að skrá áhættustefnu stofnunarinnar í fjórum megin liðum, þ.e. lausafjárahættu, rekstraráhættu, útlánaáhættu og markaðsáhættu. Áhættustefna og áhættureglur Byggðastofnunar voru samþykktar í stjórn í byrjun árs 2015.

Í áhættustefnunni og áhættureglum felst greining, mat og stýring á áhættuþáttum í rekstri og skilvirkt skipulag til að meta, mæla eða draga úr áhættu með ígrunduðum ákvörðunum. Sett voru markmið stofnunarinnar í þessum megin áhættuliðum og hvernig eftirfylgni með þeim er háttáð. Á árinu 2015 hefur verið unnið að því í fyrsta sinn að framkvæmdar mælingar á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í áhættustefnu stofnunarinnar og áhættureglum.

Á árinu 2013 hófst jafnframt vinna við að endurmóta aðferðafræði sem notuð er til að reikna út framlag í afskriftarreikning útlána. Búið er að vinna mikla vinnu á árinu 2014 sem fólst aðallega í því að þróa nýja aðferðafræði og vakta útlánasafnið með virkari hætti en gert hefur verið og tengist það vinnu við áhættustefnu stofnunarinnar. Það felur í sér að útlánasafnið er flokkað eftir áhættuflokkum, staða stærstu viðskiptavina stofnunarinnar er sérstaklega greind og þeirra viðskiptavina sem eru komnir í lögfræðiinnheimtu. Lagt er mat á samþjöppunaráhættu eftir atvinnugreinum og landshlutum.

Áfram verður unnið að því að þróa aðferðafræði við virkari vöktun á útlánasafninu á árinu og framfylgd áhættustefnu og áhættureglna stofnunarinnar. Til að tryggja eftirfylgni með áhættustefnu og markmiðum hafa verið endurskoðaðir ferlar á skýrslugjöf til stjórnar og eftirlitsaðila og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2016 ásamt því að unnin verður ICAAP skýrsla (Internal Capital Adequacy Assessment Process) fyrir stofnunina þar sem fram kemur innra mat á áhættustöðu stofnunarinnar og mat á eiginfjárbörf.

Áfram verður unnið marksvisst að eflingu áhættustjórnunar með því að fylgjast stöðugt með því hvort þörf sé á að bæta innri ferla og auka skilvirki greininga og miðlunar á helstu áhættum í rekstri stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2016: 2 mannmánuðir

3.3.3 Árangursmat

Aukin krafa er til stofnana ríkisins á að sýna mælanlegan árangur af starfsemi og á það ekki bara við hér á landi heldur einnig í löndunum í kringum okkur. Þessi aukna áhersla er ekki síður mikilvæg fyrir stofnanirnar sjálfar til að gera sér betur grein fyrir hvað virkar og hvað ekki og hvar hægt er að gera betur. Ekki er auðvelt að mæla árangur af starfsemi lánasviðs Byggðastofnunar en það er þó ekki ómögulegt. Í byrjun árs 2013 gaf Byggðastofnun út skýrsluna „Samfélagsleg áhrif af lánastarfsemi Byggðastofnunar“ þar sem gerð var tilraun til að mæla árangur af lánastarfsemi eftir vinnusóknarsvæðum.

Á árinu 2016 verði unnið að því leggja mat á árangur lánastarfseminnar og finna aðferð til að hægt sé að gera slíkar mælingar á nokkurra ára fresti. Fenginn verður utan að komandi aðila til að vinna verkið í samstarfi við stofnunina.

Áætlað umfang 2016 2 mannmánuðir

3.3.4 Samantekt atvinnugreina

Á árinu 2014 var unnin skýrsla til notkunar innan stofnunarinnar um stöðu og horfur í fiskeldi. Árið 2015 var unnin svipuð skýrsla um horfur í landbúnaði. Við vinnu þessara skýrslna var stuðst við

fyrirliggjandi gögn frá ýmsum aðilum og unnin nokkurs konar samantekt um stöðu og horfur innan greinarinnar. Á árinu 2016 er stefnt að því að vinna samskonar samantekt um ferðapjónustu á Íslandi með sérstökum áherslum á starfssvæði stofnunarinnar. Mikið hefur verið gefið út af skýrslum um þessa ört vaxandi og mikilvægu atvinnugrein, bæði af greiningadeildum stóru viðskiptabankanna og erlendum sérfræðingum sem hafa verið fengnir til verksins af stjórnvöldum og hagsmunaaðilum í greininni. Samantekt úr því sem hefur verið ritað og spáð um framtíðahorfur í ferðapjónustu er ekki síst nauðsynlegt í tengslum við áhættustefnu stofnunarinnar þar sem ferðapjónusta er orðin fyrirferðamesta atvinnugrein í lánasafni stofnunarinnar og sú grein sem spáð er að verði helsti vaxtabroddur í landsbyggðunum á næstu árum.

Áætlað umfang 2016 2 mannmánuðir

3.3.5 Breyting á heimasíðu stofnunarinnar

Rúm þrjú ár eru liðin síðan heimasíðu Byggðastofnunar var breytt síðast. Miklar framfarir eru í útlitshönnun heimasíðu stofnana og fyrirtækja og alltaf má gera betur. Eins og heimasíðan er uppsett núna er ekki alltaf auðvelt að finna efni á henni og töluvert er hringt inn til að spyrja hvar megi finna upplýsingar um hluti eins og lánakjör. Pláss í borða á síðunni er takamarkað við ákveðinn fjölda verkefna og í hvert sinn sem stofnunin fer af stað með nýtt verkefni sem þarf að vera aðgengilegt á síðunni þarf að henda öðru út. Farið verður í það á árinu að gera ákveðnar breytingar á heimasíðunni til að gera leit á henni aðgengilegri.

Áætlað umfang 2016 2 mannmánuðir

3.3.6 Kaup á hlutafé og styrkveitingar 2016

Lagt er til að stofnuninni verði heimilt að verja allt að 50 mkr. til þátttöku í hlutafjárukningu í félögum sem hún er þegar hluthafi í til að styrkja fjárhag þeirra og verja hagsmuni sína. Skoðaðir verða möguleikar á styrkveitingum eftir því sem fjárveitingar og fjárhagsstaða stofnunarinnar gefur tilefni til.

4. STUÐNINGUR VIÐ BYGGÐAÞRÓUN

4.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.

9. gr. Atvinnuráðgjöf.

Byggðastofnun skipuleggur og vinnur að ráðgjöf við atvinnulífið á starfssvæði stofnunarinnar í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra.

Stofnunin skal í samstarfi við þá aðila sem sinna atvinnuráðgjöf vinna að bættu skipulagi atvinnuráðgjafar og aukinni þekkingu ráðgjafa m.a. í því skyni að gera ráðgjöfina markvissa og stuðla að betri nýtingu fjármuna. Stofnunin getur gert samninga við atvinnuþróunarfélög, stofnanir, sveitarfélög, sjálfstætt starfandi ráðgjafa eða aðra um að annast atvinnuráðgjöf á tilteknu sviði, atvinnugrein eða landsvæði.

12. gr. Fjármögnun þróunarverkefna.

Byggðastofnun er heimilt að fjármagna áhættusöm verkefni á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar.

Þessi starfsemi skal einkum fjármögnuð með sérstökum framlögum úr ríkissjóði.

4.2 Inngangur

Auk starfs Byggðastofnunar á sviði stefnumótunar (kaflí 2), lánveitinga (kaflí 3) og öflunar og miðlunar upplýsinga (kaflí 5) hefur Byggðastofnun stutt við byggðaþróun með margvíslegum beinum hætti. Samstarf við atvinnuþróunarfélög í öllum landshlutum á starfssvæði stofnunarinnar á sér langa sögu. Nýrri veigamikil verkefni stofnunarinnar eru verkefni Brothættar byggðir og úthlutun á aflamarki Byggðastofnunar en bæði þessi verkefni fara stækkandi. Þá var stofnuninni falið með lögum nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi að meta áhrif nýfjárfestinga á byggðaþróun og atvinnulíf. Vart verður áhuga stjórnvalda á að fela stofnuninni fleiri verkefni. Leitað verður eftir aukinni samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtökin en þau hafa víða tekið við atvinnuráðgjafarstarfseminni.

4.2.1 Atvinnuráðgjöf á starfssvæði Byggðastofnunar

Samkvæmt fjárlögum ársins 2016 mun ríkið veita um 185,5 milljónum króna til atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. Byggðastofnun hefur gert samninga við átta atvinnuþróunarfélög og voru þeir síðast endurnýjaðir í apríl 2013 með gildistíma til 31. desember 2017. Markmið samninganna er að skapa grundvöll fyrir samstarf í samræmi við stefnu Alþingis í byggðamálum, samþætta áherslur ríkisins og heimamanna og stuðla að gagnkvæmri miðlun þekkingar á sviði atvinnuþróunar. Atvinnuþróunarfélögin skulu meðal annars vinna að atvinnu- og byggðaþróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, eflingu búsetuþátta og upplýsingaöflun. Þótt áhersla sé lögð á atvinnuþróun snýst allt að helmingur starfs atvinnuþróunarfélaga um almenna byggðaþróun.

Byggðastofnun leggur atvinnuþróunarfélögunum til fé, fylgist með að starfsemi þeirra sé í samræmi við skyldur, veitir faglega aðstoð, samræmir tengsl og gengst fyrir fundum og ráðstefnum. Byggðastofnun hefur heimild til að tilnefna fulltrúa til setu á stjórnarfundum atvinnuþróunarfélaganna með málfrelsi og tillögurétti og er hluthafi í Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða. Að öðru leiti eru félögin á forræði heimamanna og lúta ekki valdi Byggðastofnunar nema hvað varðar þau atriði sem samningar kveða á um.

Framlag Byggðastofnunar til starfsemi atvinnuþróunarfélaga er ákveðið í fjárlögum hvers árs. Á fundi sínum 25. janúar 2013 samþykkti stjórn Byggðastofnunar tillögu að nýrri skiptingu fjár til atvinnuþróunar.

Meginhluta fjár til atvinnuþróunar er skipt á milli starfandi atvinnuþróunarfélaga í samræmi við stærð og fjölda vinnusóknarsvæða innan þeirra vébanda. Fjöldi vinnusóknarsvæða endurspeglar að talsverðu leyti vegalengdir innan starfssvæða atvinnuþróunarfélaga og kostnað við starfsemi á mörgum stöðum. Stærð vinnusóknarsvæðanna endurspeglar styrk þeirra og þótt gert sé ráð fyrir að kostnaður við atvinnuþróun aukist með auknum mannfjölda er reiknað með hlutfallslega hærra upphæðum til fámennari svæða. Sums staðar falla vinnusóknarsvæði saman og er þá íbúafjöldi aðeins talinn til annars svæðisins.

Vægi vinnusóknarsvæða:

- A- Stærstu vinnusóknarsvæði landsins..... 10 einingar
- B- Stærsta vinnusóknarsvæði hvers félags..... 10 einingar
- C- Önnur stærri vinnusóknarsvæði..... 6 einingar
- D- Miðlungs vinnusóknarsvæði 3 einingar
- E- Lítil vinnusóknarsvæði..... 1 eining

Á árinu 2013, þegar þessu kerfi var komið á, var hver eining 1 m.kr. Með fyrirvara um framlag á fjárlögum er gert ráð fyrir að sú upphæð hækki í samræmi við verðlagsþróun á komandi árum. Verði síðar gerð breyting á einingafjölda vegna tiltekinnar tegundar svæðis gengur hún sjálfkrafa yfir öll sambærileg svæði á landinu. Flytjist vinnusóknarsvæði milli atvinnuþróunarfélaga leiðir það jafnframt sjálfkrafa til breytinga á fjárframlögum samkvæmt þessu líkani.

Jafnframt er gert ráð fyrir tiltekinni upphæð vegna sérstakra aðstæðna sem ekki endurspeglast í fjölda og stærð vinnusóknarsvæða. Hér er sérstaklega litið til erfiðra samgangna, mikillar fólksfækkunar, lágra launa, fábreytni í atvinnulífi og atvinnuleysis. Þessar upphæðir verða samningsbundnar vegna þróunarsetra á vegum viðkomandi atvinnuþróunarfélaga og verða endurskoðaðar með tilliti til breytinga á aðstæðum á viðkomandi svæði og öðrum svæðum landsins. Á árinu 2015 var veitt 21,2 m.kr. til slíkra þróunarsetra á Vestfjörðum og 10 m.kr. á Suðurnesjum.

4.2.2 Stuðningur við brothætt byggðarlög

Verkefnið „Brothættar byggðir“ hófst haustið 2012 á Rauфарhöfn og á árinu 2013 voru Bíldudalur, Breiðdalshreppur og Skaftárhreppur teknir inn í verkefnið eftir að alþingi veitti til þess 50 m.kr. Á fjárlögum ársins 2014 var aftur veitt 50 milljónum til verkefnisins og var þá auglýst eftir umsóknum um þátttöku í verkefninu. Alls bárust umsóknir frá níu sveitarfélögum fyrir tólf byggðarlög. Sumarið 2015 var ákveðið að taka Kópasker og nærsveitir, sem og Hrísey og Grímsey inn í verkefnið.

Fyrir hvert byggðarlag er skipuð verkefnisstjórn sem í sitja fulltrúar íbúa, sveitarfélags, Byggðastofnunar, landshlutasamtaka og atvinnuráðgjafar. Vinnuaðferð Brothættra byggða byggist á að leiða fram vilja og skoðanir íbúanna sjálfra á tveggja daga íbúáþingi. Markmiðið með því er að leita lausna á forsendum íbúanna sjálfra og í kjölfar og út frá greiningu á stöðu byggðarlags og niðurstöðum íbúáþings er mótuð stefna og verkefnisáætlun fyrir byggðarlagið.

Verkefnið miðar að víðtæku samráði íbúa, sveitarfélags, landshlutasamtaka/atvinnuþróunarfélags og ríkisvalds, og því að virkja þekkingu og getu byggðarлага til að móta markmið og lausnir. Þeim aðferðum

sem beitt er, er ætlað að stuðla að valdeflingu, (e. „empowerment“), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni. Markmið verkefnisins eru þessi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldersdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði íbúa og samtakamátt og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.

Á árinu 2014 lét atvinnuvegaráðuneytið leggja mat á verkefnið og hefur nú verið unnin stefnumótun fyrir það sem m.a. tekur mið af niðurstöðum matsins, sem og fenginni reynslu á verkefnistímanum. Nú skiptist verkefnið í fjóra áfanga og getur verkefnistíminn verið allt að fimm árum í hverju byggðarlagi. Einnig er gert ráð fyrir því að ráðinn sé verkefnisstjóri sem sinni þátttökubyggðarlögum á tilteknu svæði/landshluta. Þegar hafa verið ráðnir þrjú verkefnastjórar er sinna Raufarhöfn, Breiðdalshreppi og Skaftárhreppi og mun Kópasker og nærsveitir brátt heyra undir sama verkefnisstjóra og Raufarhöfn. Akureyrarkaupstaður hefur ráðið verkefnisstjóra sem mun sinna verkefnunum í Hrísey og Grímsey.

Jafnframt því að móta verkefnislýsingu fyrir Brothættar byggðir hefur verið unnin fjárhagsáætlun sem tekur mið af því að ráðnir séu verkefnisstjórar og að úthlutað verði verkefnastyrkjum í hverju þátttökubyggðarlagi.

4.2.3 Aflamark Byggðastofnunar

Aflamark Byggðastofnunar byggir á bráðabirgðaákvæði í lögum um stjórn fiskveiða. Bráðabirgðaákvæðið nær út fiskveiðiárið 2017/2018 en fellur þá út að óbreyttum lögum. Á fiskveiðiárinu 2015/2016 mun stofnunin hafa ríflega 4.000 þorskígildistonn til ráðstöfunar sem er aukning um rúmlega 1.100 tonn frá fyrra ári.

Á fiskveiðiárinu 2014/2015 voru tíu samningar í gildi á eftirtöldum stöðum: Tálknafirði, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Drangnesi, Hrísey, Raufarhöfn, Bakkafirði, Breiðdalsvík og Djúpavogi. Gert er ráð fyrir að það þurfi að auglýsa að nýju og afgreiða umsóknir vegna þeirra tveggja staða þar sem þar sem slitnað hefur upp úr samstarfi og jafnframt að auglýsa eftir umsóknum vegna aukningar á aflaheimildum.

Búist er við áframhaldandi vinnu og fundarhöldum vegna breytinga á kvótapottum fiskveiðistjórnunarkerfisins með fulltrúum atvinnuveganefndar Alþingis og atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis en sú vinna hófst á vormánuðum 2015. Auk þess er gert ráð fyrir því að stofnunin þurfi að koma að vinnu vinnuhóps á vegum forsætisráðuneytisins um málefni Grímseyjar.

Á árinu er gert ráð fyrir almennri eftirfylgni og umsýslu vegna verkefnisins auk þess sem samningsaðilar þurfa að gera grein fyrir framgangi verkefnisins að afloknu hverju fiskveiðiári. Tilgangur þess er að safna upplýsingum um framgang verkefnanna og fylgjast með hvernig samningunum hefur verið framfylgt en einnig til að reyna að meta árangur af samningunum. Allnokkur umsýsla er með verkefninu og meiri en menn gerðu sér grein fyrir í upphafi.

4.2.4 Flutningsjöfnun

Byggðastofnun tók við umsýslu með svæðisbundinni flutningsjöfnun um áramót 2012/2013. Markmiðið með svæðisbundinni flutningsjöfnun er að styðja við framleiðsluina og atvinnuuppbyggingu í landsbyggðunum með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa þ.a.l. við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. Umsjón með yfirferð og útgreiðslu styrkja er í höndum sérfræðings á rekstrarsviði.

4.2.5 Flutningsjöfnun olíuvara

Í byrjun árs 2014 tók Byggðastofnun við umsjón með Flutningsjöfnunarsjóði olíuvara. Markmið laga um Flutningsjöfnunarsjóð olíuvara er að jafna flutningskostnað á olíuvörum milli landshluta. Samkvæmt lögum um sjóðinn er forstjóri eða staðgengill hans stjórnarformaður sjóðsins og var ákveðið að staðgengill forstjóra, forstöðumaður fyrirtækjasviðs tæki við því hlutverki. Stór hluti af starfsemi sjóðsins er útvistaður til einkafyrirtækis en ákveðið var á árinu 2014 að færa bókhald sjóðsins til Byggðastofnunar og hefur það frá árinu 2015 verið unnið á rekstrarsviði stofnunarinnar.

Í lok nóvember birti Samkeppniseftirlitið skýrslu um markaðsrannsókn á olíumarkaðinum. Samkeppniseftirlitið hefur haft horn í síðu sjóðsins um nokkurt skeið og telur tilveru sjóðsins stríða gegn markmiðum samkeppnislaga. Í raun er ekkert nýtt sem fram kemur í þessari skýrslu, eitthvað er hægt að taka undir en þó nokkrar rangfærslur eru í skýrslunni sem verður svarað. Frestur til að skila inn athugasemdum um innihald skýrslunnar er til 19. febrúar og mun stjórn Flutningsjöfnunarsjóðs gera athugasemdir við skýrsluna ásamt því að rita minnisblað til ráðherra og upplýsa um stöðu mála. Lög um Flutningsjöfnunarsjóð eru frá 1994 og kominn tími til að endurskoða þau eins og ráðherraskipuð nefnd benti á í skýrslu árið 2008 um flutningsjöfnun. Tryggja verður að við endurskoðun laganna verði haft að leiðarljósi upphaflegur tilgangur sjóðsins, þ.e. að um byggðaaðgerð sé að ræða og flutningsjöfnun á olíuvörum sé til að jafna verð á olíuvörum um allt land og þar með lífskjör einstaklinga og starfsskilyrði fyrirtækja. Jafnframt verður að hafa í huga að afhending þjónustunnar verði tryggð á dreifðari svæðum með öryggi íbúa að leiðarljósi.

4.2.6 AVS.

AVS rannsóknasjóður starfar á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og veitir styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna, sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna sem taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis og eru til hagnýtra rannsókna. Umsækjendur geta verið einstaklingar, fyrirtæki, rannsóknar-, þróunar- og háskólastofnanir.

Byggðastofnun var um áramótin 2013/2014 falin umsýsla með sjóðnum. Í stað stjórnar, var sett á stofn úthlutunarnefnd, sem forgangsraðar umsóknum og gerir tillögur um styrki til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Honum fylgdi starfsmaður sem er nú starfsmaður Byggðastofnunar.

4.2.7 Annar stuðningur við byggðapróun

Í árána rás hefur Byggðastofnun tekið þátt í margvíslegum átaksverkefnum sem ætlað hefur verið að styrkja atvinnustarfsemi í landsbyggðunum almennt eða í tilteknum byggðarlögum. Má þar nefna átak til nýsköpunar og atvinnuþróunar á starfssvæði Byggðastofnunar 2003 og 2005, mótvægisáðgerðir vegna niðurskurðar á þorskkvóta árið 2007, styrki til kvenna til markaðssetningar erlendis á íslensku handverki og hönnunarvörum árið 2010. Loks má nefna að samkvæmt lögum um fiskveiðistjórnun

(116/2006) er ráðherra sjávarútvegsmála ætlað að úthluta byggðakvóta í samráði við Byggðastofnun. Slíkt samráð hefur þó ekki verið haft með reglubundum hætti .

Þótt atvinnumál séu mikilvægur þáttur byggðamála skipta aðrir þættir á borð við samgöngur, löggæslu, heilbrigðisþjónustu, jafnrétti, umhverfisvernd, menntun og menningarstarfsemi ekki síður máli við að skapa lífvænleg skilyrði fyrir búsetu um land allt. Byggðastofnun hefur veitt styrki til margvíslegra verkefna sem eflt geta búsetuskilyrði á starfssvæði sínu.

Á undanförnum misserum hefur afgreiðslum banka og pósthúsa verið lokað á all mörgum minni þéttbýlisstöðum en einnig hefur aðgengi að opinberri þjónustu versnað og á það bæði við um þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Hugmyndir eru uppi um samstarf þeirra aðila sem veita mikilvæga þjónustu, hvort heldur á vegum einkaaðila eða opinberra og leita lausna. Þannig verið nærþjónusta eflað með samvinnu um framboð margra þjónustubátta. Byggðastofnun tekur þátt í þessari vinnu og telur það hlutverk sitt að vinna að slíkum verkefnum .

Frá árinu 2005 hefur Byggðastofnun ásamt Listahátíð í Reykjavík og Flugfélagi Íslands staðið að veitingu Eyrarrósarinnar, viðurkenningar fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar. Í árslok 2012 var samningurinn endurnýjaður fyrir tímabilið 2013–2016, verðlaunaféð hækkað og fyrirkomulagi viðurkenningarinnar jafnframt breytt til samræmis við eflingu menningarstarfs í landsbyggðunum á síðustu árum. Menningarfulltrúar landshlutasamtakanna hafa nú fengið formlegt umsagnarhlutverk við val verkefna, jafnframt því sem afhending viðurkenningarinnar mun framvegis færast milli landshluta og varpa þannig sviðsljósinu á menningarstarf á ólíkum svæðum á starfssvæði Byggðastofnunar. Þá hefur Byggðastofnun frá árinu 2011 veitt Landstólpann, viðurkenningu til einstaklings, fyrirtækis, stofnunar eða sveitarfélags vegna verkefnis, starfsemi, umfjöllunar eða annars sem aukið hefur veg byggðarlagsins.

4.3 Verkefni á sviði byggðapróunar á árinu 2016

4.3.1 Stuðningur við atvinnuþróun

Á árinu 2016 verður stuðningur Byggðastofnunar við atvinnuráðgjöfina í samræmi við samninga þar um, fjárveitingar á fjárlögum 2016 og reglur stjórnar Byggðastofnunar um skiptingu fjár.

Á árinu 2016 er lagt til að framlag til þróunarsetra á Vestfjörðum og Suðurnesjum verði óbreytt, 21,2 m.kr. á Vestfjörðum og 10 m.kr. á Suðurnesjum. Heildarhækkun samkvæmt fjárlagafrumvarpi er 8,6 m.kr. Þar af fara 0,6 m.kr. til Suðurnesja sem sérstakt framlag til að koma í veg fyrir að framlag til félagsins lækki á milli ára, en að öðru leiti skiptist upphæðin hlutfallslega jafnt á milli félaganna í samræmi við grunnframlagið og er hækkun grunnframlagsins 4,5%. Heildarhækkun er á bilinu frá 2,1% og upp í 4,5%.

Miðað við ofangreint verður skipting fjár til atvinnuþróunarinnar á árinu 2016 sem hér segir:

	Grunn- framlag	Sérstakt framlag	Þróunar- setur	Samtals	Breyting	Breyt.%
Vesturland	20.649.200			20.649.200	889.200	4,5%
Vestfirðir	18.475.600		21.200.000	39.675.600	795.600	2,1%
Norðurl.v.	20.649.200			20.649.200	889.200	4,5%
Eyjafjörður	17.388.800			17.388.800	748.800	4,5%
Þingeyjars.	14.128.400			14.128.400	608.400	4,5%
Austurland	23.909.600			23.909.600	1.029.600	4,5%
Suðurland	26.083.200			26.083.200	1.123.200	4,5%
Suðurnes	10.868.000	600.000	10.000.000	21.468.000	468.000	2,2%
Samtals	152.152.000	600.000	31.200.000	183.952.000	6.552.000	
Sameiginlegir fundir og fræðsla				1.548.000		
Af fjárlögum				185.500.000		

Áætlað umfang 2016:

Samstarf um atvinnuþróun: 3 mannmánuðir

4.3.2 Brothættar byggðir

Unnið verður áfram að tilraunaverkefni því sem hófst á Raufarhöfn á árinu 2012. Verkefnið mun ná til sjö byggðarlaga á árinu 2016.

Í fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til verkefnisins

Áætlað umfang 2016:

Samhæfing og yfirumsjón verkefnisins: 14 mannmánuðir

4.3.3 Aflamark Byggðastofnunar

Áfram verði unnið að almennri umsýslu með þeim samningum sem eru í gildi en samskipti og umsýsla vegna verkefnisins hefur verið meiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Vegna aukningar á aflaheimildum má búast við samningagerð á fyrri hluta ársins. Búist er við að vinnuhópur á kvótapottum fiskveiðistjórnunarkerfisins haldi áfram á árinu 2016 auk þess sem gert er ráð fyrir aðkomu að málefnum Grímseyjar.

Áætlað umfang 2016:

Vinna við byggðakvóta 10 mannmánuðir

4.3.4 Flutningsjöfnun

Auglýst verður eftir umsóknum um styrki vegna flutningsjöfnunar, umsóknir sem berast yfirfarnar, afgreiddar og greitt út samkvæmt reglum. Aðilar sem fá greitt geta svo átt von á að verða heimsóttir og að gögn varðandi kostnað séu skoðuð.

Áætlað umfang 2015:

Vinna við flutningsjöfnun: 5 mannmánuðir

4.3.5 Flutningsjöfnun olíuvara

Stór hluti af starfsemi Flutningsjöfnunarsjóðs olíuvara hefur verið útvistaður til einkafyrirtækis en bókhald sjóðsins og utanum hald er hjá Byggðastofnun, Líklegt er að unnið verði að því að endurskoða lög um Flutningsjöfnun olíuvara á árinu 2016 og að stjórnarformaður sjóðsins komi til með að koma að þeirri vinnu að einhverju leyti.

Vinna við flutningsjöfnun olíuvara 2 mannmánuðir

4.3.6 AVS

Reiknað er með að starfsemi sjóðsins á árinu 2016 verði með sama hætti og undanfarin ár.

Áætlað umfang 2016:

Vinna við AVS: 10 mannmánuðir

4.3.7 Annar stuðningur við byggðapróun

Á árinu 2016 mun Byggðastofnun áfram taka þátt í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík og Flugfélag Íslands um veitingu Eyrarrósarinnar jafnframt því sem Landstólpinn verður veittur á aðalfundi stofnunarinnar.

Áætlað umfang 2016:

Vinna við annan stuðning: 1 mannmánuður

5. ÖFLUN OG MIÐLUN UPPLÝSINGA

5.1 Lög um Byggðastofnun nr. 106/1999 með síðari breytingum

2. gr. Hlutverk

Hlutverk Byggðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu.

Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Fjármögnun verkefna skal eftir föngum vera í samstarfi við aðra.

Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög og aðra haghafa.

Byggðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins.

Beinar aðgerðir skv. 2. og 3. mgr. einskorðast við samþykkt stuðningssvæði á gildandi byggðakorti af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil.]

8. gr. Rannsóknir á atvinnu- og byggðapróun.

Byggðastofnun vinnur að gagnasöfnun og rannsóknum og fylgist með atvinnu- og byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar og árangri opinberra stuðningsaðgerða á sviði atvinnumála og byggðapróunar, jafnt á Íslandi sem í löndum þar sem svipaðar aðstæður eru. Stofnunin getur tekið þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum og gert samninga við háskóla, rannsóknastofnanir og aðra um rannsóknir á þessu sviði.

5.2 Inngangur

Árangursrík byggðastefna hlýtur að byggjast á traustum gögnum um stöðu mála í einstökum byggðarlögum og landshlutum og fræðilegri greiningu sem byggir á fyrri rannsóknum, traustri aðferðafræði og kenningalegum forsendum margra fræðigreina. Stofnumótun til lengri tíma verður að byggja á traustri kortlagningu þeirrar þróunar sem orðið hefur, stöðu mála í samtímanum og þeim möguleikum sem í boði eru. Jafnframt er mikilvægt að ákvarðanir í einstökum málum séu teknar á grundvelli faglegrar greiningar á þeim jákvæðu og neikvæðu afleiðingum sem slíkar ákvarðanir kunna að hafa.

Efling rannsókna á sviði byggðamála skiptir því miklu máli fyrir ráðuneyti stjórnarráðsins, einstakar ríkisstofnanir, sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra að ógleymdu áhugafólki um eflingu byggðar um land allt. Slíkar rannsóknir eiga sér þó afar flókin og margþætt viðfangsefni og við mikilvægustu spurningum er sjaldnast eitt einhlítt svar. Það er því afar mikilvægt að skapa jarðveg fyrir fjölbreyttar rannsóknir margvíslegra aðila sem nálgast þessi mál út frá mismunandi forsendum. Jafnframt er nauðsynlegt að hugað verði að grunnrannsóknum á íslenskum byggðamálum ekki síður en hagnýtum rannsóknum sem beinast að tilteknum afmörkuðum viðfangsefnum.

Örar breytingar hafa orðið á atvinnuháttum landsmanna á síðustu áratugum en orsakir og afleiðingar þeirra breytinga eru ekki með öllu ljósar. Þrátt fyrir umtalsverðan opinberan stuðning við landbúnað

búa flestar sveitir landsins við viðvarandi lágar atvinnutekjur og brottflutning. Þá hefur samspil lagasetningar, ákvarðana sjávarútvegsfyrirtækja og annarra félagslegra og menningarlegra þátta á þróun sjávarútvegs ekki verið metið með fullnægjandi hætti. Enn fremur skortir dýpri skilning á samfélagslegum áhrifum margvíslegra nýrra atvinnugreina allt frá ferðaþjónustu til stóriðju. Mikilvægt er að þessir þættir verði rannsakaðir til hlítar og möguleg áhrif mismunandi aðgerða metin. Í því sambandi er nauðsynlegt að huga sérstaklega að stöðu kynjanna á vinnumarkaði.

Þá er mikilvægt að gerðar verði vandaðar rannsóknir á áhrifum skipulags opinberrar þjónustu á lífskjör og byggðapróun. Þjónusta á borð við heilbrigðis- og félagsþjónustu, löggæslu og dómstóla, menntun og menningarstarfsemi eru eftirsóknarverð gæði og skattgreiðendur sækjast eðlilega eftir búsetu á svæðum þar sem þeir geta notið þeirrar þjónustu sem þeir greiða fyrir. Á sama tíma skapar slík þjónusta mörg og fjölbreytt störf sem geta eftir búsetu á stórum svæðum og stuðlað að eðlilegri aldurs- og kynjasamsetningu þeirra.

Ennfremur er þörf á auknum rannsóknum á margvíslegum tegundum byggðarlaga og mismunandi svæðum landsins. Þannig er til dæmis mikilvægt að greina ólík tækifæri og áskoranir í sveitum landsins, smærri þorpum og stærri bæjum sem gegna þjónustuhlutverki fyrir tiltekin svæði. Þótt atvinnusóknarkort Byggðastofnunar leggi mikilvægan grunn að frekari rannsóknum er tiltölulega lítið vitað um fasteignamarkað, samskiptamynstur milli byggðarlaga og innan svæða eða í hvaða mæli íbúar landsins sækja atvinnu og mismunandi þjónustu um lengri eða skemmri veg.

Stærð svæða ákvarðast af samskiptum fólks og því er mikilvægt að auka þekkingu á áhrifum samgangna og boðskipta á byggðapróun. Efla þarf rannsóknir á samfélagslegum áhrifum vegakerfisins og stuðla að nýtingu þeirra í ákvarðanatöku í samgöngumálum. Þá er nauðsynlegt að ákvarðanir um framtíð innanlandsflugsins verði teknar á grundvelli traustra rannsókna á hlutverki þess í félagsgerð og stjórnsýslu Íslands og áhrifum þess á þjónustusvæði einstakra þéttbýlisstaða og dreifingu ferðamanna um landið. Síðbreytileg boðskiptatækni hefur margvísleg áhrif á lífskjör og sóknarfæri einstakra landshluta og fylgjast þarf náið með áhrifum breytinga á því sviði. Loks gegna fjölmiðlar lykilhlutverki í viðhaldi og eflingu almennarýmis í einstökum byggðarlögum. Full þörf er því á því að efla rannsóknir á stöðu staðbundinna fjölmiðla í ólíkum byggðarlögum og því lögbundna hlutverki Ríkisútvarps í almannapágu að veita víðtæka, áreiðanlega, almenna og hlutlæga fréttþjónustu um innlend og erlend málefni líðandi stundar og miða útvarpsefni við fjölbreytni íslensks þjóðlífs.

5.2.1 Úttektir, greiningar og umsagnir

Byggðastofnun safnar og miðlar margvíslegum upplýsingum um stöðu og framtíðarhorfur landsbyggðanna. Þar má til dæmis nefna greinargerðir sem fylgt hafa byggðaáætlunum, nú síðast ritið „Byggðapróun á Íslandi - stöðugreining 2013“ sem er fylgirit með stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017, en það var uppfært haustið 2015. Stöðugreiningar landshlutanna 8 voru uppfærðar haustið 2014. Skýrsla um stöðu kvenna í landbúnaði og skyldum greinum unnin fyrir landbúnaðarráðherra og skilað í september. Skýrsla um byggðaleg áhrif innflutningsbanns Rússa unnin fyrir sjávarútvegsráðherra, kom út í september 2015. Byggðastofnun kannaði fjölda og staðsetningu ríkisstarfsmanna um áramót 2013/2014 og birti niðurstöður vorið 2015. Þá hefur verið könnuð staðsetning þjónustutengdra starfsþátta ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja og niðurstöður verið settar fram á skrá og á kortum sem birt hafa verið á heimasíðu stofnunarinnar. Var í þessari vinnu haft samstarf við landshlutasamtök sveitarfélaga og atvinnuþróunarfélög. Þá vinnur stofnunin úr og birtir opinberar upplýsingar sem fengnar eru frá ýmsum aðilum og má þar nefna kort sem byggð eru á gögnum Hagstofu Íslands um íbúapróun og atvinnugreinar, gögnum Bændasamtaka Íslands um greiðslumark í landbúnaði,

upplýsingum úr Árbók sveitarfélaga um útsvarstekjur o.fl., gögnum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi eftir landshlutum, og gögnum um vinnusóknarsvæði þéttbýlisstaða sem safnað var í samvinnu við atvinnuþróunarfélögin.

Byggðastofnun fékk Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri til samstarfs við undirbúning útboðs á könnun þjónustusóknar íbúa á Norðurlandi vestra. Ætlunin er að nota þá könnun og þá reynslu sem fæst sem fyrirmynd fyrir verklag við kannanir í öðrum landshlutum. Útboð fór fram um mitt ár og niðurstöður Maskínu, sem samið var við um verkið, liggja fyrir.

Byggðastofnun fékk Nordregio til samstarfs um aðferðir til að meta aðgengi landsmanna að heilbrigðisþjónustu. Á árinu 2016 er stefnt að því að kortleggja aðgengi landsmanna að annarri grunnþjónustu með sama hætti. Í framhaldi verður svo unnið að því að skilgreina réttinn til grunnþjónustu.

Byggðastofnun hefur ennfremur tekið þátt í samstarfi um ýmis þróunarverkefni sem fela í sér umtalverða mats- og rannsóknarþætti. Loks hefur Byggðastofnun gegnt mikilvægu hlutverki fyrir Íslands hönd í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir og stefnumótun í byggðamálum. Starfsmenn Byggðastofnunar sitja fundi stjórnarnefndar evrópsku byggðarannsóknastofnunarinnar ESPON í umboði Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og á árinu 2015 endurnýjaði stofnunin samning við Háskólann á Akureyri um að hann gegni hlutverki starfstengiliðs ESPON á Íslandi, tengi íslenska og evrópska háskóla og rannsóknastofnanir á sviði byggðarannsókna og þessar stofnanir og ESPON.

5.2.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál

Með lögum nr.41/2015 um ívilnanir til fjárfestingarverkefna á Íslandi fékk Byggðastofnun það hlutverk að meta áhrif viðkomandi fjárfestingarverkefnis á byggðaþróun og atvinnulíf. Fyrstu fjögur verkefni bárust Byggðastofnun til umsagnar í júlí síðastliðnum. Stofnunin hefur áður unnið slíkt mat vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar iðjuvera á Bakka við Húsavík. Eðli máls samkvæmt er ekki vitað hve margar umsóknir berast um gerð ívilnanasamninga og þar af leiðandi heldur ekki hversu mörg verkefni koma til mats Byggðastofnunar en reiknað er með að þau verði fjögur.

Stofnunin mun sinna beiðnum sem berast um umsagnir þingmála eins og gert hefur verið um langa hríð.

5.2.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar

Vinna við uppbyggingu gagnagrunns á sviði byggðamála hefur verið í gangi síðan seint á árinu 2013. Eitt megin markmið með þessum gagnagrunni er að safna saman byggðatengdum gögnum á einn og sama staðinn og gera aðgengileg fyrir starfsmenn Byggðastofnunar jafnt sem almenning. Starfsmenn hafa þegar aðgang að grunninum í gegnum QGIS, sem er frjálts hugbúnaður til að vinna með landfræðileg gögn, en yfirstandandi er vinna við að gera gögnin aðgengileg almenningi í gegnum vefviðmót. Sem dæmi um gögn sem þegar hefur verið safnað í grunninn eru gögn um mannfjölda frá Hagstofu Íslands, staðfangaskrá frá Þjóðskrá Íslands og greiðslumark í landbúnaði frá Matvælastofnun ásamt margvíslegum svæðaskilgreiningum frá Landmælingum Íslands. Sem dæmi um aðgang almennings að gagnagrunninum má nefna að verið er að taka í notkun viðmót fyrir mannfjöldagögn þar sem hægt verður að skoða á myndrænan hátt þróun mannfjölda eftir sveitarfélögum, aldri og kyni. Á næstu misserum verður svo unnið að frekari þróun á aðgengi þeirra gagna sem þegar eru til staðar í grunninum auk þess að safna fleiri gögnum í grunninn.

5.2.4 Stuðningur við rannsóknir

Byggðastofnun hefur ásamt Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti stofnað byggðarannsóknarsjóð sem hafa mun til úthlutunar að minnsta kosti 10 milljónir á ári næstu tvö árin. Tilgangur sjóðsins er að efla byggðarannsóknir og bæta þannig þekkingargrunn fyrir stefnumótun og aðgerðir í byggðamálum. Fyrsta úthlutun úr sjóðnum fór fram á ársfundi Byggðastofnunar vorið 2015.

5.3 Verkefni við söfnun og miðlun upplýsinga á árinu 2016

Auk venjubundinnar starfsemi við söfnun og miðlun upplýsinga mun Byggðastofnun á árinu 2015 vinna að þremur flokkum verkefna á þessu sviði.

5.3.1 Úttektir, greiningar og umsagnir

Stofnunin mun vinna tölfræðileg gögn um íbúapróun, þróun fasteignamats og fasteignagjalda og orkukostnað. Stöðugreining landshluta, verða uppfærðar á árinu 2015. Áfram verður unnin skýrsla um hagvöxt landshluta í samvinnu við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Þá mun stofnunin eftir föngum vinna úttektir og greiningar fyrir ráðuneyti, þingnefndir, sveitarstjórnir og landshlutasamtök.

Unnin verður skýrsla um staðsetningu og fjölda starfa á vegum ríkisins og stofnana þess miðað við áramót 2015/2016.

Stöðugreiningar einstakra landshluta verða uppfærðar á árinu 2016.

Í framhaldi af könnun á þjónustusókn á Norðurlandi vestra árið 2015 verður gerð könnun á þjónustusókn í þrem landshlutum.

Haldið verður áfram að kortleggja aðgengi landsmanna að grunnþjónustu og grunnþjónusta skilgreind.

Áætlað umfang 2016:

Vinna við úttektir, greiningar og umsagnir:..... 16 mannmánuðir

5.3.2 Mat á áhrifum nýfjárfestingarverkefna, umsagnir um þingmál

Unnið verður mat á áhrifum þeirra fjárfestingarverkefna sem óskað verður eftir af hálfu ráðuneytis. Veittar verða umsagnir um þingmál eftir því sem tilefni er til.

Áætlað umfang 2016:

Vinna við mat á áhrifum nýfjárfestinga og ums. um þingmál.....3 mannmánuðir

5.3.3 Gagnagrunnur um byggðatengdar upplýsingar

Haldið verður áfram vinnu við að byggja upp gagnagrunn á sviði byggðamála. Þróað verður gagnvirkt umhverfi þar sem hægt verður að skoða myndrænt fyrirfram skilgreind gagnasett á sveitarfélaga og landshlutagrunni.

Unnið verður að því að færa fyrirbyggjandi og nýjar upplýsingar inn í grunninn.

Haft verður samstarf við Þjóðskrá, Skipulagsstofnun, Hagstofu Íslands, Landmælingar, Nordregio og fleiri aðila og þróun myndrænnar framsetningar slíkra upplýsinga á kortum og myndum.

Áætlað umfang 2016:

Vinna við gagnagrunn:..... 12 mannmánuðir

5.3.4 Stuðningur við rannsóknir

Næsta ráðstefna verður á Breiðdalsvík vorið 2016. Samstarf er komið á við Austurbrú, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og heimaaðila á Breiðdalsvík um undirbúning.

Með stofnun Byggðarannsóknarsjóðs í samstarfi við Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gefst tækifæri til að styðja við rannsóknir á sviði byggðamála. Byggðastofnun mun auglýsa styrki og annast samskipti við umsækjendur en stjórn sjóðsins mun ákveða hvaða verkefni verða styrkt. Úthlutun mun fara fram á ársfundi Byggðastofnunar.

Auglýst verður eftir umsóknum frá mastersnemum um styrki til mastersverkefna sem tengjast byggðamálum.

Áætlað umfang 2016:

Undirbúningur ráðstefnu og stuðningur við rannsóknir: 2 mannmánuðir